

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs, haldinn þriðjudaginn 9. maí 2017 í Silfurbergi Hörpu, Reykjavík.
Fundurinn hófst kl. 17:00.

Mætt voru til fundarins stjórn Birtu, framkvæmdastjóri, 37 skipaðir fulltrúar atvinnurekenda, 61 kjörinn fulltrúi úr hópi launamanna auk annarra sjóðfélaga.

Dagskrá ársfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg staða
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Starfskjarastefna sjóðsins
6. Ákvörðun launa stjórnarmanna og nefnda á vegum Birtu
7. Kjör endurskoðanda
8. Önnur mál

Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Þorbjörn gerði tillögu um Rúnar Bachmann, formann stjórnar fulltrúaráðs launamanna, sem fundarstjóra og var hún samþykkt. Rúnar Bachmann tók við stjórn fundarins og gerði tillögu um Írisi Önnu Skúladóttur sem fundarritara og var hún samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins en hann var auglýstur með fundarboði til aðildarféлага og aðildarfyrirtækja, dagsettu 28. mars 2017. Hann var að auki auglýstur með afkomuauglýsingu í Fréttablaðinu 13. apríl, 27. apríl og 8. maí og í Morgunblaðinu var ársfundarauglýsing birt 6. maí. Fundurinn var auglýstur á RÚV og á Bylgjunni 2., 8. og 9. maí. Þá voru fulltrúar minntir á fundinn með rafrænu fundarboði og símhringingum eftir því sem við átti. Lýsti hann því fundinn lögmætan og var gengið til dagskrár.

Fundarstjóri upplýsti fundargesti um að ekki færi fram stjórnarkjör að þessu sinni þar sem kjörtímabil stjórnar er til vorsins 2018. Þá færi ekki fram kjör á nefndarmönnum í launanefnd Birtu en skipað var í þá nefnd á stofnfundi Birtu 29. september 2016. Þá lögju ekki fyrir tillögur til breytinga á samþykktum.

1. Skýrsla stjórnar

Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar.

Þorbjörn sagði stóru tíðindi ársins 2016 vera sameining Sameinaða lífeyrissjóðsins og Stafa lífeyrissjóðs í Birtu og hefði hún gengið snurðulaust fyrir sig. Fór hann yfir ávöxtunartölur liðins árs og sagði þær vonbrigði en sömu sögu væri að segja af öðrum lífeyrissjóðum. Erlendar eignir hafi skilað ábata sem styrking krónunnar hafi þurrkað út og gott betur. Þá hafi verið teknar í notkun nýjar lífslíku-töflur sem geri ráð fyrir auknum lífslíkum og ávöxtun íslenskra hlutabréfa hafi einnig átt sinn þátt í lakri ávöxtun ársins miðað við árið áður.

Sagði hann sjóðinn hafa tekið skref í átt til aukins lýðræðis með skipun valnefndar sem leitar eftir áhugasömum fulltrúum launamanna í stjórn Birtu og taki hún til starfa fyrir stjórnarkjör vorið 2018.

Nefndi hann kjarasamninga ársins 2015 sem gera ráð fyrir hækkun mótframlags atvinnurekenda í áföngum og að frumvarp um málefnið væri til umræðu á alþingi um það hvernig þessu viðbótarmótframlagi skuli ráðstafað en sagði það vilja stjórnar að sjóðfélögum verði heimilt að ráðstafa viðbótarframlaginu í bundna séreign. Vinna sé hafin innan sjóðsins sem miði að því að auðvelda framkvæmdina en mögulega þurfi samþykktarbreytingu. Ef til þess komi muni þurfa að boða til aukaársfundar á komandi vikum.

2. Kynning ársreiknings

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri sjóðsins gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins árið 2016. Ársreikningur er í ársskýrslu Birtu og yfirferð Ólafs er á glærum fundarins sem má nálgast á heimasíðu Birtu.

Hann útskýrði breytingu á framsetningu ársreiknings á milli ára sem felur meðal annars í sér ítarlegri skýringar. Endurskoðendur beggja sjóða störfuðu fyrir Ernst&Young. Vel gekk að sameina ársreikningana en verkefnið var yfirgripsmikið. Ársreikningurinn var endurskoðaður og áritaður án athugasemda.

Ólafur sagði hækkun iðgjalds jákvætt en það megi skýra með hækkun mótframlags og auknu atvinnustigi í landinu. Örorka er áfram á meðal þess lægsta sem gerist í íslenska lífeyrisherfinu og það sé jákvætt. Vonbrigði ársins séu fjárfestingartekjurnar sem voru einungis um 3 milljarðar borið saman við 30 árið áður. Kostnaður við sameiningu sjóðanna var um 70 milljónir sem hann segir ekki háa upphæð fyrir samruna af slíkri stærðargráðu.

Að lokinni yfirferð upplýsti hann fundargesti um að þrír starfsmenn Birtu hafi ákveðið að hætta störfum hjá sjóðnum. Það eru þau Ólafur Haukur Jónsson, fyrrum skrifstofu- og framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins, Ásta Friðbjörg Kristjónsdóttir og Björk Ingvarsdóttir en þær eiga báðar að baki yfir 30 ára farsælan starfsferil innan lífeyrisherfisins. Þakkaði hann þeim ánægjuleg samskipti og vel unnin störf.

3. Tryggingafræðileg staða

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt. Yfirferð Bjarna er einnig að finna á fundarglærunum.

Hann útskýrði reikniforsendur úttektarinnar en þær byggjast á reynslu árána 2010-2014, örorkulíkum sem eru 80% af meðaltali reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002 og að gert sé ráð fyrir 3,5% ávöxtun umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar úttektar er að áunnin staða að frádregnum skuldbindingum er neikvæð um 7,6% en framtíðarstaðan jákvæð um 3,1%. Heildarstaðan er því neikvæð um 4,1% um áramót.

Helsta breytingin á milli ára er fólgin í vöxtum og verðbótum. Nýjar lífslíku-töflur hækkuðu skuldbindingar einnig um 2% eða svo, auk þess sem lítilsháttar réttindabreyting hafi átt sér stað við sameininguna. Bjarni sýndi yfirlitsmynd sem sýnir glögglega þá þætti sem hafa áhrif á breytingu á áföllnum lífeyrisskuldbindingum milli ára og vægi hvers fyrir sig.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og spurningar um dagskrárliði 1 til og með 3 að lokinni yfirferð Bjarna.

Rúnar Lárusson tekur fyrstur til máls. Hann vildi koma á framfæri hvernig honum þætti að vera eftirlaunamaður í lífeyrissjóði þar sem allir græða nema eigendur sjóðanna. Hann las upp bréf sem hann hafði lesið upp á fundi með Guðmundi Árnasyni, ráðuneytisstjóra og Sigurði Helga Helgasyni, skrifstofustjóra þann 4. maí 2017. Efni fundarins sagði hann hafa verið óánægju og fjársvelti tugþúsunda lífeyrisþega sem háðir séu greiðslum frá almannatryggingum. Hann segir þjófnad eiga sér stað á eigum landsmanna þar sem lífeyrissjóðir skiluðu litlu til launamanna við starfslok. Hann vildi að sett yrðu lög sem festi í sessi lágmarkslífeyri. Hann gagnrýndi að aldraðir geti ekki unnið hlutastörf án þess að verða fyrir skerðingum almannatrygginga. Hann segir marga lífeyrisþega og öryrkja eiga um sárt að binda og

segir eignaupptöku stjórnámálanna á eignum umrædds hóps refsiverða. Hann leggur til einn sjóð fyrir landsmenn alla með lágmarks rekstrarkostnaði. Einnig að allir lífeyrisþegar fái jafnhá laun úr lífeyrissjóði óháð inngreiðslum í sjóðinn. Þá telur hann að lífeyrir eigi að fylgja almennum launahækkunum en ekki hækka í takt við vísitölu neysluverðs.

Óskar Guðmundsson starfsmaður Samskipa tók næstur til máls og beindi spurningu sinni að Bjarna Guðmundssyni, tryggingastærðfræðingi. Hann spurði hvort 2% hækkun skuldbindinga vegna nýrra lífslíku-taflna jafngilti fjórum mánuðum miðað við sextán ára lífeyri eða hraða upp á einn mánuð á ári.

Þorsteinn Sigurðsson varpaði fram þremur spurningum. Hann bað í fyrsta lagi um útskýringar á blaðsíðu 17 í ársskýrslunni um áætlað framtíðargreiðsluflæði sjóðsins. Samkvæmt hans skilningi á greiðsluflæðislíkaninu myndu eignir ekki duga fyrir skuldbindingum í nema 10 ár í viðbót. Í öðru lagi velti hann fyrir sér stöðu Birtu hvað varðar fjárfestingar í leigufélögum. Þau geri ungu fólki erfitt fyrir að komast inn á fasteignamarkaðinn. Þá velti hann fyrir sér, í ljósi þess að heildareignir lífeyrissjóða eru um 2 til 4 þúsund milljarðar, hversu lengi íslenskt þjóðfélag geti borgað 3,5% raunvexti af þessum fjármunum.

Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður svaraði þriðju spurningu Þorsteins á þann veg að þegar sé hafin vinna innan landssamtakanna við að rannsaka hið ört stækkandi lífeyriskerfi. Hann telur að lífeyrissjóðir þurfi að fjárfesta í enn ríkari mæli erlendis. Ef til vill verði hluti lífeyrisréttinda í framtíðinni, í öðrum gjaldmiðli svo ekki þurfi að færa erlendar eignir yfir í íslenskar. Varðandi fasteignafélögin svaraði hann því til að eign Birtu í slíkum félögum væri óveruleg. Benti hann á frétt á RÚV nokkrum dögum áður, þar sem fræðimaður sagði frá því að aldrei hefði jafnhátt hlutfall ungs fólks verið að kaupa fasteignir og einmitt í dag en það hafi komið sér á óvart. Hann benti á að honum þætti skipta máli hvernig umgjörð fasteignafélög bjóði viðskiptavinum sínum. Markaðurinn muni nú sem fyrir stýra verðinu og hátt leiguverð skýrist meðal annars af takmörkun á framboði eigna. Árið 2010 hafi verið skoðað hvort lífeyrissjóðir mættu koma beint að fjárfestingum í íbúðarhúsnæði. Í Danmörku sé það heimilt en þó með því skilyrði að það sé á markaðsforsendum. Ekki er heimilt að fjárfesta í félagslegu húsnæði. Fengust á þeim tíma þau skilaboð frá Fjármálaeftirlitinu að íslenskir lífeyrissjóðir hefðu ekki heimild til þess að fjárfesta í félagslegu húsnæði.

Ólafur Sigurðsson útskýrði að í nýju lífslíku-töflunum séu lífslíkur karla að aukast hraðar en kvenna. Þá svarar hann Þorsteini varðandi fjárstreymislíkanið að það sýni stöðu eins og enginn nýr sjóðfélagi byrji að greiða til sjóðsins heldur haldi núverandi sjóðfélagar áfram að greiða, fram til töku lífeyris. Það sé blessunarlega um endurnýjun sjóðfélaga að ræða. Hann benti á að eignarhald Birtu í fasteignafélaginu Heimavöllum sé um 2,6% eða um 0,1% af heildareignum sjóðsins. Varðandi spurningu Þorsteins um greiðslugetu íslensks þjóðfélags á 3,5% ávöxtunarkröfu vísar Ólafur í skýrslu sem hann vann ásamt Hersi, Gylfa og Þóreyju hjá Landssamtökunum.

Haraldur Jónsson fyrrverandi stjórnarmaður gerði athugasemd við frétt sem Þorbjörn vitnaði í um að ungt fólk sé í ríkum mæli að kaupa fasteignir. Sagði hann að fáeinum dögum áður hafi reyndur fasteignasali haldið fram hinu gagnstæða í fréttum og því væri tilefni til að skoða hvor hefði rétt fyrir sér, fræðingurinn eða fasteignasalinn.

Jón Þór Ögmundsson lýsti yfir vilja sínum til þess að sjá hlutfall sjóðfélaga sem haldi uppi rekstri sjóðsins á ársgrundvelli.

Jón Ragnarsson bætir við að honum þyki vanta upplýsingar um meðalútgreiðslu til lífeyrisþega.

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri benti á að þær kennitölur sem Jón Þór saknaði úr skýrslunni væru til staðar. Rekstrarkostnaður sé sýndur bæði sem hlutfall af iðgjaldi til sjóðsins og meðalstöðu eigna. Ólafur svaraði spurningu Jóns Ragnarssonar á þann veg að sú stærð sé villandi því margir sjóðfélagar hafa einungis greitt í tvö ár til að mynda og fái lífeyri í samræmi við það, sem gefi ekki rétta mynd af meðalgreiðslu lífeyris til sjóðfélaga.

Fundarstjóri opnaði fyrir frekari umræður um skýrslu stjórnar, tryggingafræðilega stöðu og ársreikning en ekki komu fram aðrar spurningar. Því næst bar hann upp ársreikninginn til atkvæðagreiðslu og var hann samþykktur án mótatkvæða. Benti hann á léttum nótum á að þau mistök hefðu verið gerð að launamönnum hafi verið úthlutaðir bláir atkvæðisseðlar en fulltrúum atvinnurekenda rauðleitir seðlar og sagði hann að þetta yrði leiðrétt næst.

4. Fjárfestingarstefna Birtu

Fundarstjóri kynnti Soffíu Gunnarsdóttur, annan tveggja sjóðstjóra Birtu, en hún fór yfir fjárfestingarstefnu Birtu og forsendur hennar. Fjárfestingarstefnan er ákvörðuð af stjórn með aðkomu fjárfestingaráðs og unnin á grundvelli reglugerðar. Val á eignaflokkum takmarkast af lögbundnum fjárfestingarheimildum, samþykktum sjóðsins og fjárfestingarreglum.

Nafnávöxtun eignasafns Birtu nam 0,6% sem svarar til 1,5% neikvæðrar raunávöxtunar. Fór hún yfir helstu breytingar eignaflokka á árinu. Nefndi hún aukningu sjóðfélagalána og annarra verðbréfa en eignir í þeim flokki jukust um fimmtung á árinu 2016. Þá fór hún yfir ávöxtun séreignarleiða. Um var að ræða átta leiðir á árinu 2016 en þær hafi verið sameinaðar í þrjár leiðir Birtu í kjölfar sameiningar. Innlánsleið Sameinaða og leið 1 hjá Stöfum sameinuðust í innlánsleið Birtu. Inn í skuldabréfaleiðina fóru aldursleið 4 hjá Sameinaða og leið 2 hjá Stöfum. Í blönduðu leiðina fóru aldursleiðir 1 og 2 hjá Sameinaða og leið 3 hjá Stöfum. Að lokum skiptist aldursleið 3 hjá Sameinaða í jöfnum hlutföllum á milli skuldabréfa- og blandaðrar leiðar Birtu.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um fjárfestingarstefnuna en engar spurningar voru bornar fram.

5. Starfskjarastefna sjóðsins

Því næst var komið að starfskjarastefnu sjóðsins. Hann lagði til að hún yrði ekki lesin upp í heild heldur fól hann Kristjáni Geir Péturssyni, lögmanni Birtu að gera grein fyrir henni í meginatriðum en hún er einblöðungur og er hluti af fundargögnum. Enginn gerði athugasemd við þá málsmeðferð.

Kristján Geir Pétursson fór yfir starfskjarastefnu sjóðsins og tilurð hennar en hún er stefnumarkandi skjal, samið af stjórn og á rætur að rekja til hlutafélagalaga. Hún er nýtt fundargagn og er Birta lífeyrissjóður, honum að vitandi, fyrstur íslenskra lífeyrissjóða til þess að setja sér slíka stefnu. Upplýsingar um laun framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna er að finna í ársreikningi Birtu. Lykilstarfsmaður er starfsmaður sem getur skuldbundið sjóðinn með ákvörðunum sínum. Hann vekur sérstaka athygli á því að starfsfólk Birtu sé ekki á árangurstengdum launum og setur þá grein í samhengi við ný lög nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda. Í þeim lögum er skýrt kveðið á um að í starfskjarastefnu, sé ákvæði um að starfsmenn lánadeilda séu ekki á árangurstengdum launum.

Fundarstjóri opnar fyrir umræður um starfskjarastefnu Birtu en engar spurningar bárust. Starfskjarastefnan var því næst lögð fram til atkvæðagreiðslu og samþykkt án mótatkvæða.

Fundarstjóri birti upplýsingar um núverandi stjórnarmenn Birtu en kjörtímabil þeirra er til vorsins 2018 og eru þeir eftirfarandi:

Aðalmenn - Fulltrúar launamanna: Gylfi Ingvarsson
Jakob Tryggvason
Unnur María Rafnsdóttir
Viðar Örn Traustason
Þorbjörn Guðmundsson

Varamenn - Fulltrúar launamanna: Einar Hafsteinsson
Guðrún Elfa Hjörleifsdóttir
Hrönn Jónsdóttir

Aðalmenn – Fulltrúar atvinnurekenda: Davíð Hafsteinsson
Drífa Sigurðardóttir
Guðrún Jónsdóttir
Ingibjörg Ólafsdóttir
Jón Bjarni Gunnarsson

Varamenn – Fulltrúar atvinnurekenda: Bolli Árnason
Guðbjörg E. Guðmundsdóttir
Hanna Þórunn Skúladóttir

Anna Guðný Aradóttir sagði sig úr stjórn Birtu þann 7. mars síðastliðinn vegna reglna sem stjórn Samtaka atvinnulífsins samþykkti sem kveða á um að fulltrúar Samtaka atvinnulífsins í stjórnnum lífeyrissjóða megi ekki eiga sæti í stjórnnum félaga þar sem lífeyrissjóðirnir eru meðal fjárfesta. Henni voru þökkúð vel unnin störf í þágu sjóðsins. Drífa Sigurðardóttir, varamaður, kom inn stjórn í hennar stað og Hanna Þórunn Skúladóttir, starfsmaður Skerpu, var skipuð varamaður af SA með skipunarbréfi dagsettu 9. maí 2017 og mun hún einnig sitja til vorsins 2018.

6. Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum Birtu

Skv. gr. 6.6. í samþykktum skal starfrækt nefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögu að launum aðal- og varamanna stjórnar fyrir hvern ársfund. Miðað skal við að laun stjórnarmanna endurspegli þær kröfur sem gerðar eru til þeirra og þann tíma sem verja þarf til stjórnarstarfa. Nefndin hefur kynnt stjórn tillögur sínar og hafa þær verið kynntar á heimasíðu sjóðsins. Nefndin er skipuð þeim Jóhanni Rúnari Sigurðssyni og Kristjáni Þórði Snæbjörnssyni launamannamegin og Jóni Sigurðssyni og Báru Mjöll Ágústsdóttur atvinnurekendahliðinni. Tillagan er að laun fylgi hækkun launavísitölu frá mars 2016 til mars 2017 og verði eftirfarandi á mánaðargrundvelli:

Aðalmenn stjórnar: 94.500 kr.

Formaður stjórnar: 189.000 kr.

Varaformaður stjórnar: 141.750 kr.

Varamenn stjórnar: 21.000 kr. (full laun þann mánuð sem setinn er stjórnarfundur)

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillögurnar en engin hafði neitt út á þær að setja. Voru þær bornar upp til atkvæðagreiðslu í einu lagi og samþykktar samhljóða.

7. Kjör endurskoðanda

Endurskoðunarnefnd sjóðsins hefur gert grein fyrir störfum sínum í sérstakri skýrslu til stjórnar sjóðsins sem fól meðal annars í sér mat á störfum ytri endurskoðanda. Ákveðið var að leita tilboða til þess að freista þess að ná fram lækkun kostnaðar. Gerð var tillaga um PWC og Kristinn F. Kristinsson, löggiltan endurskoðanda, sem endurskoðanda Birtu. Sú tillaga var borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Engar breytingar á samþykktum lágu fyrir og var þá komið að liðnum Önnur mál.

8. Önnur mál

Fundarstjóri tilkynnti að tvær tillögur væru löglega upp bornar, og verði teknar fyrir á fundinum. Þær eru frá Guðjóni Viðari Guðjónssyni. Tillögurnar voru að höfðu samráði við Guðjón, birtar á heimasíðu sjóðsins fyrir fundinn og voru einnig meðfylgjandi í fundargögnum ársfundar.

Tillaga til ársfundar

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs verður óheimilt að fjárfesta í sjúkrastofnunum sem eru rekin í hagnaðarskyni, t.d. heilsugæslu og einkasjúkrahús, hvort sem beint eða í gegnum fjárfestingasjóði.

Stjórn Birtu lífeyrissjóðs verður einungis heimilt að fjárfesta í húsnæðisleigufélögum sem eru rekin eru með lágmarks ávöxtun t.d. 3,5%.

Guðjón Viðar Guðjónsson

Guðjón Viðar Guðjónsson rafvirki hjá Norðuráli og trúnaðarmaður rafvirkja fylgdi tillögunum úr hlaði. Hann segist vera með hag sjóðfélaga að leiðarljósi en telur einkasjúkrahús og hátt leiguverð ekki vera í þágu sjóðfélaga. Benti hann á að samstarfsmenn hans hjá Norðuráli séu honum sammála auk þess sem tillögurnar hafi fengið jákvæða umfjöllun í stjórn.

Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður benti á að sjóðnum beri lögum samkvæmt að ávaxta fjármuni sína með sem arðbærustum hætti en þó innan áhættumarka. Því sé andstætt lögum að fjárfesta í fyrirtækjum sem ekki séu rekin í hagnaðarskyni. Nær væri að taka hreinlega fyrir slíkar fjárfestingar ef fara ætti þessa leið.

Pétur V Maack Pétursson sjóðfélagi tekur undir orð Þorbjarnar. Hann kæri sig ekki um að sinn lífeyrir verði lækkaður sem afleiðing af óarðbærum fjárfestingum.

Guðjón Viðar Guðjónsson segir markmiðið skýrt; taka eigi fyrir fjárfestingar í þessum tegundum félaga. Hlutur Birtu sé lítill í þessum félögum, Kjölfestu og Heimavöllum til að mynda, og vel sé hægt að fjárfesta með öðrum hætti til þess að bæta ímynd sjóðsins.

Jón Bjarni Gunnarsson stjórnarmaður í Birtu kom því á framfæri til fundarins að Kjölfesta hafi selt sinn hlut í Sinnnum heimþjónustu.

Georg Páll Skúlason formaður Grafíu þakkar Guðjóni fyrir tillögurnar. Guðjón hafi komið skoðun sinni skilmerkilega á framfæri í ræðu sinni en tillögurnar nái ekki tilsettu markmiði að hans mati og leggur hann því til við Guðjón að hann vísi tillögum sínum til stjórnar. Þá óskar Georg eftir skýringu frá framkvæmdastjóra á samkomulagi sem Birta gerði við Fjármálaeftirlitið 24. mars síðastliðinn.

Gylfi Ingvarsson stjórnarmaður kynnir sig sem fulltrúa eldri borgara í stjórn Birtu. Hann er sammála meiningu beggja tillaganna. Hann segir það vera ábyrgð stjórnar að taka mark á ábendingum sem þessum og huga að því hvernig þær falli að starfsemi sjóðsins. Þá vildi hann koma að áskorun til verkalýðsfélaganna að standa vörð um lífeyrissjóðina og sporna við því að ríkisvaldið taki fjármuni af fólki með þeim hætti sem nú sé gert. Ekki sé lengur sýnilegur ávinningur af því að greiða í lífeyrissjóði.

Óskar Guðmundsson kjörmaður og starfsmaður Samskipa tekur undir það að sjóðurinn eigi ekki að vera valdur að því að valda sér skaða. Keyri hann upp húsnæðisverð, komi það niður á ávöxtun sjóðsins. Hægt sé að lækka vexti niður í 2,65%.

Guðjón Viðar Guðjónsson ákvað að fallast á að tillögum hans verði vísað til stjórnar að þessu sinni að fengnu, óformlegu álitni fundargesta.

Fundarstjóri bar upp til atkvæðagreiðslu þessa málsmeðferð tillaganna og var hún samþykkt með þorra atkvæða gegn einu. Því næst bauð hann Ólafi að svara fyrirspurn Georgs um samkomulag við FME frá 24. mars síðastliðnum.

Ólafur Sigurðsson segir að þá hefði sjóðurinn sæst á að greiða milljón krónur í sekt fyrir að hafa láðst að tilkynna með formlegum hætti á réttum tíma ósk um að eignast virkan eignahlut í Virðingu við sameiningu sjóðanna. Benti hann á gagnsæistilkynningu þar sem málinu hafi verið gerð góð skil. Í stað þess að takast á um málið hafi sjóðurinn samþykkt að greiða sektina. Hann hefði síður viljað að þetta yrðu lokaorð fundarins. Hann vildi einnig árétta að tillögur Guðjóns Viðars hefðu ekki fengið jákvæða umfjöllun í stjórn eins og líklega væri eftir honum haft, heldur sé það réttur hvers og eins að koma með tillögur til ályktunar og hann fagni umræðunni.

Valgeir Jónasson beindi þeirri spurningu til stjórnar hvort áfram verði sjóðfélagafundir eins og voru hjá Stöfum áður. Sér þyki ágætt sem eftirlaunaþega að fá frítt og gott kaffi annað slagið.

Hilmar Harðarson óskar mönnum til hamingju með sameininguna. Þá spyr hann hvort sjóðurinn sé tilbúinn að taka við viðbótarmótframlagi atvinnurekenda í bundna séreign.

Jón Þór Ögmundsson spyr hvort lífeyrissjóðir hafi talað sig saman um stofnun lífeyrisgáttar þangað sem atvinnurekendur geti sent eina skilagrein sem svo skiptist á viðeigandi lífeyrissjóði. Þetta form gæti leitt til sparnaðar og einföldunar fyrir bæði þá sem senda skilagreinar og þá sem taki við þeim.

Rúnar (Lárusson?), spyr hvort Birta hafi tekið afstöðu, líkt og Gildi, um að fjárfesta ekki í VÍS.

Fundarstjóri opnar fyrir frekari umræður og spurningar en enginn óskaði eftir að taka til máls. Þá gaf hann formanni kost á að svara þeim spurningum sem fram höfðu komið.


Þorbjörn Guðmundsson stjórnarformaður svaraði því til að stefnan sé að haldnir verði reglulegir sjóðfélagafundir. Það hefði staðið til að kynna ársreikninginn á slíkum fundi en það hefði ekki náðst að þessu sinni sökum tímaskorts. Þá svarar hann spurningunni um bundnu séreignina á þá leið að það sé ekki komið í samþykktir hvernig þessu framlagi skuli ráðstafað, né bundið í lög. Því þurfi mögulega að boða til aukaársfundar fljótlega. Varðandi tæknilegu hliðina, sé gert ráð fyrir að sjóðfélagar þurfi að gera samning um ráðstöfun framlagsins og stefnt sé að því að hægt verði að gera það rafrænt og sjóðurinn sé í þeirri stöðu að það ætti að verða mögulegt. Varðandi lífeyrisgátt þá sem nefnd var, sagði hann að hugmyndin hafi ekki verið rædd en til sé lífeyrisgátt um réttindi sjóðfélaga. Hrósar hann að lokum starfsfólki Birtu í salnum fyrir vel unnin störf í tengslum við sameiningu sjóðanna. Það hafi verið átaksverkefni sem hefði krafist mikils af starfsfólki og uppskar starfsfólk lófatak úr sal.

Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að ganga frá fundargerð í samvinnu við fundarritara eftir fundinn og var því ekki mótmælt.

Þakkaði hann fundargestum fyrir komuna og var fundi slitið kl. 19:30.



Rúnar Bachmann, fundarstjóri



Íris Anna Skúladóttir, fundarritari